

Alþingi  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. júní 2019  
1905102/0.4.1/HrÞ

**Efni: Umsögn embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um fræðslu um og meðferð við vefjagigt, 249. mál**

**Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir fræðslu til almennings um vefjagigt.**

Að mati embættis landlæknis er fræðsla mikilvægur þáttur í að auka skilning fólks og eyða fordómum. Leggja þarf áherslu á að upplýsa um þá þjónustu sem til staðar er og hvert leita skuli. Einnig er mikilvægt að styðja við rannsóknir sem leitast við að skýra aukna tíðni vefjagigtar í okkar samfélagi og aðgerðir til úrbóta.

**Alþingi ályktar að láta fara fram endurskoðun á skipan sérhæfðrar endurhæfingarþjónustu með það að markmiði að styrkja greiningarferlið og bjóða upp á heilðræna meðferð byggða á niðurstöðum gagnreyndra rannsókna.**

Embætti landlæknis hefur gert úttekt á aðgengi að göngudeildarþjónustu vegna gigtarsjúkdóma og mun sú skýrsla birtast á vef embættisins innan skamms. Í úttektinni kom m.a. í ljós að þjónustu við einstaklinga með vefjagigt hefur verið ábótavant og biðtími eftir sérhæfðri þjónustu langur. Vísir er þó að aukinni aðkomu heilsugæslunnar hvað varðar greiningu og meðferð í samstarfi við gigtarlækna og stofnanir sem veita sérhæfða endurhæfingarþjónustu vegna vefjagigtar.

Embætti landlæknis telur ráðlegt að endurskoða heildarskipulag þjónustu við einstaklinga með vefjagigt. Sú endurskoðun þarf að ná til allra þjónustustiga, þ.e. heilsugæslu, sjálfstætt starfandi gigtarlækna og stofnana sem veita sérhæfða endurhæfingarþjónustu. Mikilvægt er að viss verkaskipting sé milli veitenda þjónustunnar og að hún sé notendum ljós.

Heilsugæslan gegnir mikilvægu hlutverki í greiningu og meðferð langvinnra sjúkdóma þar með talið vefjagigtar. Styrkja þarf innviði heilsugæslunnar og efla þverfaglega teymisvinnu svo heilsugæslan sé í stakk búin til að sinna vaxandi hópi einstaklinga með vefjagigt um land allt.

Virðingarfyllst,

Hrefna Þengilsdóttir, yfirlæknir  
sviði eftirlits og gæða